

Birtist á Pressan.is, 15. október 2010.

130 milljarða skattahækkun?

Jón Steinsson

Átján prósent niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána myndi kosta Íbúðalánasjóð 130 milljarða króna. Ríkissjóður þyrfti að bæta sjóðnum þessi útgjöld. Niðurfærslan myndi því þýða 130 milljarða ríkisútgjöld. Það er algilt lögmál að augin ríkisútgjöld kalla á aukna skatta (eða peningaprentun). Skuldaniðurfærslan sem hefur verið í umræðunni síðustu daga jafngildir því 130 milljarða skattahækkun.

Skattar á Íslandi eru nú þegar mjög háir. Þeir hafa verið hækkaðir af illri nauðsyn síðustu ár til þess að standa vörð um verðferðarkerfið. 130 milljarða skattahækkun ofaná þær skattahækkanir sem nú þegar eru yfirstaðnar eða eru í spilunum væri fullkomið glapræði.

Ábyrg stefna stjórnvalda fram að þessu hefur borið þann árangur að kreppan hefur verið mildari en búist var við í fyrstu. Erlendis tala menn um ótrúlegan árangur. En ef stjórnvöld kasta ábyrgð fyrir róða nú er hætt við því að upp frá þessu muni hagkerfið vaxa hægar en spár gera ráð fyrir í stað þess að vaxa hraðar en spár gera ráð fyrir. Það væri synd.

Skynsöm stefna væri að gera breytingar á gjaldþrotalögum þannig að þeir einstaklingar sem ganga í gegnum gjaldþrot losni við skuldir sínar fyrir fullt og allt og geti því „byrjað upp á nýtt“. Stjórnvöld ættu að líta til Bandaríkjanna eftir fyrirmynd að þessu leyti.

Þá væri skynsamlegt að bjóða upp á úrræði sem setti þak á greiðslubyrði fólks sem hlutfall af ráðstöfunartekjum á hverjum tíma eins og gert er með námslán. Slíkt úrræði væri ólíkt einfaldara en núverandi úrræði. Ýtarlegri umfjöllun um slíka lausn má finna hér:

[Fjárhagsvandi heimilanna: Hvað er til ráða?](#)